



Fundargerð

20. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar
haldinn að Tjarnargötu 12, 13. apríl 2023 kl. 14:30

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Björnsson,
Grétar I. Guðlaugsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu.
Fundargerð ritaði Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir.

Gestur fundarins var Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.

* * *

1. Verklag vegna rakaskemmda í stofnunum

Rætt var um viðbrögð og verklag vegna rakaskemmda í stofnunum. Flýta þarf ráðningu byggingarstjóra og eftirlitsmanna til að létta álagi af þeim starfsmönnum sem eru í framlínunni.

Samþykkt að leita eftir fleiri ráðgjöfum (verkfræðistofum) í þau verkefni sem liggja fyrir.

Sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs er falið að ýta á eftir að vinnu við gerð rammamninga um kaup á þjónustu iðnmeistara og kaup á byggingarvörum verði flýtt eins og kostur er.

2. Fyrirkomulag skólahalds haustið 2023

Skoða þarf hvort kaupa eigi fleiri færanlegar einingar og færa hluta kennslu í skólum þangað. Sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs er falið að skoða færanlegar einingar.

Einnig þarf að fara í heildarendurskoðun á nýtingu þess húsnæðis sem er í notkun og hvort hægt er að samnýta einhvern hluta þess. Formanni er falið að kalla saman fulltrúa grunnskólanna til samráðs varðandi þetta.

3. Njarðvíkurskóli

Farið yfir stöðu mála í Njarðvíkurskóla, þar er búið að loka rýmum þar sem fundist hafa rakaskemmdir og fara þarf í viðgerðir á. Kanna þarf ástand loftræstingar og bæta loftskipti í húsnæðinu.

4. Myllubakkaskóli

Búið er að skila aðaluppdráttum til byggingarfulltrúa. Deiliskipulagsvinna er hafin.

Óskað er eftir að hönnunarstjóri mæti á næsta fund byggingarnefndar.

5. Holtaskóli

Frumhönnun liggur fyrir, unnið í niðurrifi og hreinsun.

6. Heiðarsel

Samþykkt að fá ráðgjafa að verkinu.

7. Garðasel

Keypt verða tvö staðbundin lofthreinsitæki sem verða sett í leikskólann.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 27. apríl kl. 14:00.